

Fyrirætlanir til heilla

Æskulýðsmótið í Stórutjarnaskóla 29. til 31. janúar 2010 er samstarfsverkefni fjölda kirkna á Austur- og Norðurlandi og fást nánari upplýsingar um ferðatilhögun, kostnað og fararstjórn í hverri kirkju fyrir sig, en hver hópur er alfarið á ábyrgð viðkomandi sóknar og þá presta og starfsmanna hennar.



Upplýsingasíminn fyrir minn hóp er:

Því að ég þekki sjálfur þær fyrirætlanir sem ég hef í hyggju með yður, segir Drottinn, fyrirætlanir til heilla en ekki til óhamingju, að veita yður vonarríka framtíð.

Biblían: Jeremía 29:11

Janúarmótið 2010

Þetta er málið:
Vera með.
Fá upplýsingar í kirkjunni sinni!

Ekki klikka á því að skrá þig í Facebook hópinn fyrir mótið, leitaðu bara að „Láttu þér líða vel í janúar 2010“



Janúarmótið 2010



„Fyrirætlanir til heilla“
Æskulýðsmót í Stórutjarnaskóla
29. - 31. jan 2010

► Skráningu lýkur
mánudaginn 25.
janúar 2010!

Nánari upplýsingar á æskulýðsfundi!

► Dagskráin

Föstudagur

- 19:00 Mæting og komið sér fyrir
- 19:30 Kvöldmatur
- 20:30 Kvöldvaka
- 22:00 Sundlaugar...
- 23:45 Helgistund
- 00:00 Kyrrð

Laugardagur

- 9:00 Morgunverður
- 10:00 Þemastund: „Láttu þér líða vel ...“
- 11:00 Þemahópar
- 12:00 Hádegisverður
- 12:45 Ekið til Akureyrar
- 13:30 - 21:00 Dagskrá á Akureyri
- 22:00 Bíó og Diskó á Stóru Tjörnum
- 00:45 Helgistund
- 01:00 Kyrrð

Sunnudagur

- 9:00 Morgunverður
- 10:00 Undirbúningur fyrir guðspjónustu
- 12:00 Hádegisverður og tiltekt
- 13:00 Guðspjónusta og brottför

Reglur mótsins

Hér gildir auðvitað gullna reglan: Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður skuluð þér og þeim gjöra. Allir ættu að fara eftir henni af fremsta megni.

- Meðferð og neysla áfengis er óheimil á landsmóti. Haft verður skilyrðislaust samband við forráðamenn þeirra sem brjóta þessa reglu og viðkomandi sendur heim á kostnað foreldra.
- Reykingar eru ekki leyfðar á mótinu. Við fyrsta brot verður haft samband við forráðafólk. Verði reykinga aftur vart verður viðkomandi sendur heim á kostnað foreldra.
- Góð umgengni er mikilvæg. Þátttakendur bera saman ábyrgð á öllu því húsnæði sem er opið mótsgestum. Þeim sem valda skemmdum á húsnæðinu er gert að bæta tjónið.
- Á auglýstum kyrrðartíma eiga allir að vera komnir á sína svefnstaði og forðast háreysti.
- Skyldumæting er á alla auglýsta dagskrá mótsins. Þetta á líka við um dagskrárliði á Akureyri!
- Þátttakendum ber að hlýða leiðtogum sinnar kirkju og öðru starfsfólki.

Hverju má ég ekki gleyma?

- ⇒ Skrá mig í kirkjunni minni!
- ⇒ Borga þegar ég skrái mig
- ⇒ Taka með dýnu, lak og svefnpoka eða sæng
- ⇒ Taka með sundföt, handklæði, tannbursta og annað snyrtidót
- ⇒ Taka með smá vasapening ef ég ætla að kaupa eitthvað á Akureyri
- ⇒ Láta vita ef ég er með ofnæmi og gera viðeigandi ráðstafanir!



Fáðu upplýsingar hjá prestinum, djáknanum eða æskulýðsfulltrúanum í kirkjunni þinni hvað ferðin kostar og hvernig þið getið staðið fyrir fjáröflun!

Ekki klikka á því að skrá þig í Facebook hópin fyrir mótið, leitaðu bara að „Láttu þér líða vel í janúar 2010“